

## Fundargerð 139. fundar skólanefndar Menntaskólans í Reykjavík

139. fundur skólanefndar haldinn í fundarherbergi á 3. hæð aðalbyggingar þriðjudaginn 14. júní 2011 kl.12:15.

Mætt: Ólafur Þ. Stephensen, Sveinn Andri Sveinsson, Dögg Hugósdóttir, Ragnhildur Bragadóttir og Yngvi Pétursson. Sveinn Andri ritaði fundargerð.

- Ráðning konrektors og kennara.** a) Hálf starf eðlisfræðikennara. Rektor mælti með Ottó Elíassyni. Samþykkt. b) Efnafræði, fullt starf. Andri Guðmundsson ráðinn. c) Leikfimi pílta 1,5 starf. Rektor lagði til að Ágúst Ólafsson yrði ráðinn í fullt starf. Samþykkt. d) Líffræði, hlutastarf 40%. Rektor mælti með að ráða Ragnheiði Guðjónsdóttur. Samþykkt. e) Konrektor. Rektor mælti með því að Bjarni Gunnarsson yrði ráðinn áfram. Samþykkt.
- Önnur mál.** a) Rætt um birtingu fundargerða á netinu. Rektor falið að gera útdrætti til birtingar. b) Úttekt á starfsemi MR. Rætt áfram um úttekt *Hins og þessa ehf.* Formaður beindi því til rektors að taka málið upp á næsta fundi með ráðuneyti. c) Skólasamningur. Rektor var inntur eftir afstöðu ráðuneytis til skólasamnings. Samningurinn tilbúinn til undirritunar af hálfu MR. d) 200 ára afmæli Jóns Sigurðssonar. Rætt um fyrirhugaða sýningu á Sal í tilefni af tveggja alda fæðingarafmæli Jóns Sigurðssonar.